

BORGARRÁÐ 7. nóvember 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda gangandi vegfarenda yfir göngubrú sem liggur yfir Breiðholtsbraut - R19080207

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins spyr í framhaldinu af svari umhverfis- og skipulagssviðs um hversu mikið þessi brú er notuð? Komandi frá Mjódd þarf að taka sveigju inn í Arnarbakkann og ganga með fram honum og þaðan inn á stíg til að komast að brúnni. Er talning í gangi? Hafa íbúar Breiðholts verið spurðir hvernig brúin nýtist þeim og hvort þeir séu ánægðir með hana? Þetta er mikilvægt því það er ekki góð hugsun að verið sé að setja milljónir í brúarmannvirki sem ekki er notað nema af litlum hópi. Borgarfulltrúi Flokks fólksins er einnig að reyna að átta sig á hversu vel heppnað mannvirki hin nýja Breiðholtsbrú almennt séð er. Brúin er e.t.v. ekki á réttum stað, ekki nægjanlega vel hugsuð? Vissulega nota einhverjir þessa brú en eru undirgöngin neðar kannski meira?